

| | | |
|-----------|------------|---------------|
| Skjal nr. | Mótt af. | Mótt dags. |
| 13 | ahj | 27. FEB. 2017 |
| Abm. | Úrv. aðili | Málsnr. One |
| VJ | VJ | 1702203 |

Minnisblað frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Skýrsla um lýðheilsu, hagi og líðan ungs fólks á Akranesi

Á hverju ári framkvæmir Rannsóknir og greining könnun í flestum grunnskólum á Íslandi til þess að meta lýðheilsu, hagi og líðan ungs fólks með það að markmiði að vinna hagnýtar upplýsingar í hendur forvarnarhópa og bæjaryfirvalda til stefnumótunar og áætlunargerðar. Í áráraðir keypti Akraneskaupstaður niðurstöður fyrir bæjarfélagið en ákveðið var að gera það ekki árið 2016 og ekki er gert ráð fyrir fjármagni til að þess að kaupa niðurstöður rannsóknarinnar fyrir árið 2017.

Það er mat þeirra sem vinna að málefnum ungmenna á Akranesi að mikilvægt sé að kaupa niðurstöður fyrir árið 2017. Niðurstöðurnar eru mikilvægar til þess að fylgjast með þróun á hegðun og líðan ungmenna í bænum auk stefnumótunar og áætlunargerðar. Reynslan sýnir að borið hefur við að hvorki þeir sem vinna með ungmennum í skólum og frístundum né foreldrar gerðu sér ekki grein fyrir áhættuhegðun sem kom síðan fram í niðurstöðum Rannsóknar og greiningar. Niðurstöðurnar eru mikilvægar til þess geta borið saman þróunina milli ára og gert samanburð við landið í heild og önnur sveitarfélög.

Mikill árangur hefur náðst í forvörnum reykinga og áfengisneyslu ungmenna en aukning hefur orðið á neyslu kanabiseftna. Í ljósi umræðu um fjölgun barna sem glíma við kvíðaraskanir og þunglyndi er mikilvægt að geta fylgst með ungmennum á Akranesi.

Samkvæmt upplýsingum frá Rannsókn og greiningu eru þau sveitarfélög sem eru með 85% íbúa landsins að fá niðurstöður rannsóknarinnar á hverju ári.

Í samningi við Rannsókn og greiningu felst:

- 1) Ítarlegar skýrslur um hagi og líðan ungmenna (félagslegu þættirnir + víma) í grunnskólum meðan nemenda í 8. – 10. bekk verða unnar árin 2018 og 2020.
- 2) Vímuefnaneysla í efstu bekkjum grunnskóla (8. – 10. bekk) árin 2017, 2018, 2019 og 2020. Rannsóknarniðurstöður vímuefnakannanna verða í sama formi og áður og taka á vímuefnaneyslu ungmenna, reykingum, munn- og neftóbaksneyslu, áfengisneyslu og fíkniefnaneyslu.
- 3) Ítarlegar rannsóknir á högum og líðan ungmenna í 5. – 7. bekk verða unnar árin 2017 og 2019 og skýrslur gefnar út til Akraneskaupstaðar í framhaldi.

Lagt er til að gerður verði samningur við Rannsóknir og greiningu til a.m.k. tveggja ára, ef af því verður fær Akraneskaupstaður niðurstöður úr könnun frá árinu 2016

Kostnaður við rannsóknina:

| Tegund rannsóknar | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---------------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Vímuefnaneysla í 8., 9. og 10. bekk | 477.000 | | 477.000 | |
| Hagir og líðan ungs fólks í 8. – 10.b | | 954.000 | | 954.000 |
| Hagir og líðan barna, í 5. – 7. bekk | 477.000 | | 477.000 | |
| Samtals | 954.000 | 954.000 | 954.000 | 954.000 |